

Fundur í íþróttá- og tómstundanefnd Langanesbyggðar, þann 11.11.2009.

Mættir voru: Sóley Vífilsdóttir, Hulda Sigurðardóttir, Ragnar Sigfússon, Heiðrún Óladóttir og Halldóra Gunnarsdóttir.

1. Bókun hreppsnefndar er varðar opnunartíma sundlaugar. Beiðni ÍTN um lengdan opnunartíma sundlaugar var hafnað af hreppsnefnd. Þar sem málið fékk ekki hljómgrunn frá hreppsnefnd telur nefndin að málinu sé lokið.
2. Fjárhagsáætlun. Nefndin telur æskilegt að fjárveitingar til æskulýðsmála séu betur sundurliðaðar en verið hefur, þannig að verkefni t.d. félagsmiðstöð og vinnuskóli fari ekki að keppa um peningana. Nefndin fer ekki fram á fasta fjárveitingu til sín en vonast til að vel verði tekið í þau verkefni sem nefndin ræðst í.
3. Dansnámskeið Önnu Breiðfjörð. Stefnt á að reyna að fá Önnu Breiðfjörð með dansnámskeið fyrir grunnskólann og fullorðna síðustu vikuna í janúar. Ragnar tekur að sér að hafa samband við Önnu.
4. Félagsheimilið – málin rædd. Ný gjaldskrá tók gildi 01.11.2009.
5. Svartholið. Samstarf félagsmiðstöðvar og grunnskólans gengur mjög vel. Hópur unglunga fór á stuttmyndanámskeið og stefnt er á að taka þátt í keppninni „Stulli“, handritsgerð er lokið og tókur hefjast í næstu viku. Ákveðið er að taka þátt í hönnunarkeppni félagsmiðstöðva „Stúllinn“, stúlkur í 10. bekk taka þátt. Svartholið er opið flesta þriðjudaga yfir miðjan daginn og annan hvern föstudag að kvöldi. Halldóra lagði fram dagskrá Svartholsins fram til 18. desember.
6. Önnur mál – stofnun nefndar fyrir Káta daga 2010. Halldóra er búin að senda erindi þess efnis á atvinnumálanefnd og íþróttá- og tómstundanefnd. Nefndin skoðar fyrir næsta fund hvaða fulltrúa hún mælir með. Ákveðið að hafa samband við Þorstein Ægi Egilsson sem var fulltrúi nefndarinnar í fyrra. Taka þarf ákvörðun um dagsetningu hátíðarinnar hið fyrsta. Agamál í íþróttahúsi á skólatíma. Samræma þarf aðgerðir við agabrotum sem verða í húsinu á skólatíma.

Fleira ekki gert, fundi slitið